

Krítík í Víðsjá,

Þorgerður E Sigurðardóttir

Leikhópurinn Á senunni frumsýndi á dögnum nýjan íslenskan söngleik fyrir

börn í Hafnarfjarðarleikhúsinu sem heitir Abbababb. Höfundur er Gunnar Lárus Hjálmarsson sem er líklegast þekktari sem Dr. Gunni og er söngleikurinn byggður á samnefndri barnaplötu sem hann gaf árið 2007. Þessi plata naut töluverðra vinsælda á sínum tíma og gerir eflaust enn meðal barna, sérstaklega hafa börn tekið ástfóstri við hið stórskemmtilega prumpulag. Dr. Gunni hefur komið víða við í tónlistarbransanum, hann var í hljómsveitum á borð við Svarthvítan draum, Bless og Unun og margir muna auðvitað eftir honum úr tónlistarspurningaþættinum Popppunkti sem sýndur var á Skjá einum við miklar vinsældir.



Abbababb fjallar um þrjá krakka sem eru meðlimir í leynifélaginu Rauðu hausjúpunni. Fátt er þessu ágæta leynifélagi óviðkomandi og er efst á stefnuskrá þess að leysa úr dularfullum sakamálum og vill svo vel til að eitt slíkt rekur á fjörur þeirra þegar hér er komið við sögu. Það fréttist af miklum dýnamítstuldi og berast böndin að starfsmönnum rússneska sendiráðsins í hverfinu sem eru staðnir að yfirdrifnum eldspýtnakaupum og ótæpilegri kókdrykkju en það kemur svo auðvitað í ljós að það er ekki allt sem sýnist, dýnamítið hefur lent í allt öðrum höndum og minnstu munar að allt fari út böndunum. Hér koma ýmsar skemmtilegar persónur við sögu, sjoppueigandinn Herra Rokk er betri en enginn þegar kemur að því að aðstoða leynifélagið og það sama má segja um hina óhrjálegu Pálu spákonu og Dodda draug sem búa á ruslahaugunum og enginn sér nema meðlimir Rauðu hausjúpunnar. Svo eru það auðvitað stóru strákarnir, hrekkjusvínin, sem koma mikið við sögu og halda jafnframt á lofti heiðri diskósins í verkinu því hér takast tónlistarstefnur nefnilega á og framan af er ekki útséð um það hvaða stefna verður ofan á, diskóið, rokkið eða pönkið.

Verkið gerist ekki í samtímanum heldur á þeim tíma sem höfundurinn og reyndar leiklistarrýnir Víðsjár voru börn, það er að segja fyrir um það bil þrjátíu árum síðan. Þá voru engir tölvuleikir eða internet og sjónvarpið var að mestu leyti ætlað fullorðnum.

Börn léku sér úti í allskonar leikjum, fóru í brennó og kíló og þurftu einfaldlega að hafa ofan af fyrir sjálfum sér og skapa sinn eigin veruleika. Þegar hér var komið við sögu var ekki búið að markaðsvæða umhverfi barna með allskonar disneykonseptum og latabæjarhugmyndum, börn fóru einfaldlega út að leika sér af því að þeim fannst það gaman. Ekki man ég nú eftir því að hafa verið í alvöru leynifélagi en man þó eftir tilburðum í þá áttina sem fólu í sér samskipti samkvæmt dulmálinu sem birtist í Kompu Búnaðarbankans sem var alltaf dreift til allra skólabarna. Eftir á að hyggja hefur þetta auðvitað verið frekar máttlaust dulmál þar sem allir höfðu aðgang að því en það er önnur saga. Í þessu verki sést ágætlega hversu mjög umhverfi barna hefur breyst á ekki lengri tíma og manni bregður eiginlega þegar maður sér eigin barnæsku í ljósi fortíðarinnar. Svo er þessi heimur dularfullra sakamála og leynifélaga auðvitað vel þekktur úr vinsælum barnabókum þeirra tíma, nægir að nefna bækur eftir Enid Blyton því til sönnunar en ráðgátur eru auðvitað afar þekkt minni úr barnabókmenntum, ekki síst úr barnabókmenntum þessara tíma.

Það er auðvitað ágætt að börn kynnist fortíðinni á þennan hátt en það er ekki síst skemmtilegt fyrir foreldrana að fylgjast með. Eins og flest góð barnaleikrit höfðar þetta verk bæði til barna og fullorðinna en ekki endilega á sama plani. Í raun efast ég um að börnin skilji allt sem gerist hér, til dæmis held ég að munurinn á pönki og diskói sé ekki eitthvað sem börn almennt átta sig á en það skiptir í sjálfu sér ekki máli, slíkar vísanir eru frekar ætlaðar fullorðnum. Þetta er hreinlega þrælskemmtilegt og fyndið verk sem er ekki ofhlaðið uppeldisboðskap eins og oft vill verða í sambærilegu efni fyrir börn. Hér er auðvitað verið að tengja saman lög af plötu sem hafa ekki sameiginlegan söguþráð og verkið ber þess stundum merki og verður dálítið sketsakennt, sérstaklega framan af, en þetta skiptir í raun ekki höfuðmáli í samhenginu, útkoman er bæði hröð og fyndin. Og verkið er ekki alveg laust við boðskap en hann er einfaldur: Það borgar sig að vera góður við aðra og stríða ekki þeim sem minna mega sín. Hér er mikið fjallað um vináttu og samstöðu og það er auðvitað hið besta mál.

Heildaryfirbragð sýningarinnar eru skemmtilegt, ekki of fágað heldur eru leikmynd og gervi frekar einföld og gróf sem á ágætlega við efnið og tónlistina. Það sama má segja um leikinn sem er frjálslægur og áreynslulaus og laus við uppgerðarvæmni sem stundum einkennir barnasýningar, söngurinn er hvorki of fágaður né viðvanginslegur,

Þetta er einfaldlega bara unnið á afslappaðan hátt sem kemur vel út. Tónlistin er líka mjög skemmtileg og ber merki átakanna milli tónlistarstefnanna í verkinu, þarna er rokk, diskó og pönk ásamt ýmsu öðru. Þetta er í raun tónlist sem höfðar til allra aldurshópa og sameinar þannig áhorfendur með allskonar tónlistaráhuga og -þarfir. Hér er börnum treyst til að tileinka sér allskonar tónlist og ég gat ekki betur séð í salnum en að það væri að takast ágætlega. Framan af hafði ég nokkrar áhyggjur af því að brotackenndur söguþráðurinn væri að fara fyrir ofan garð og neðan hjá samferðafólki mínu en róaðist allverulega þegar rétt tæplega sex ára fylgdarmaður minn tilkynnti í hléinu að hann hefði hug á því að sjá þessa sýningu þúsund sinnum. Betri verða meðmælin varla. Hann varð hinsvegar stundum dálítið hræddur en það fór þó aldrei úr böndunum og var innlifunin hjá honum gríðarleg, sérstakleg í seinni hlutanum þegar spennan magnaðist verulega.

Það er óhætt að mæla með þessari sýningu fyrir börn og fullorðna. Hvað mig varðar þá get ég lítið annað haft en gott um sýningu að segja þar sem pönkið vinnur sigur á diskóinu en slíkur sigur er auðvitað algerlega verðskuldaður.